

SAMÞYKKT

um hænsnahald í Seltjarnarnesbæ.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykkt þessi gildir um hænsnahald í Seltjarnarnesbæ. Markmið samþykktarinnar er að tryggja heilbrigði, velferð, öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hænsnahalda innan Seltjarnarnesbæjar.

2. gr.

Leyfisveitingar.

Heimilt er að halda hænur í Seltjarnarnesbæ með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Óheimilt er með öllu að halda hana.

Unnt er að sækja um leyfi til bæjarstjórnar til að fá að halda allt að sex hænur á hverri lóð.

Sækja skal um leyfi fyrir hænur á bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar á þar til gerðum eyðublöðum áður en hænsnahald hefst. Telji bæjarstjórn skilyrði hænsnahalda fyrir hendi getur hún veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til að halda hænur til tiltekins tíma, að jafnaði til 5 ára, nema sérstök rök standi til styttri tíma.

Skilyrði leyfisveitinga eru:

- Að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggi fyrir nema að skilyrði í g. lið í 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 séu uppfyllt.
- Að fyrir liggi samþykki lóðarhafa nágrannalóða með aðliggjandi lóðarmörk sem skal afhent með umsókn um leyfið ef við á.
- Að fyrir liggi samþykki sameigenda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala. Samþykkið skal afhent með umsókn um leyfið ef við á.
- Að hænsnahald hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á húseignum sem koma í veg fyrir að þar séu haldnar hænur.

Leyfi skal ekki veitt hafi umsækjandi gerst brotlegur við lög um velferð dýra.

3. gr.

Lausaganga.

Lausaganga hæna er með öllu óheimil og ber leyfishafi fulla vörluskyldu. Leyfishafi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hænum sínum og ber að koma í veg fyrir að hænsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

Leyfishafa ber að sjá til þess að hænsnahaldið laði ekki að meindýr.

4. gr.

Handsömun.

Sleppi hæna frá leyfishafa, eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hana. Við handsömun fugla skal þess gætt að valda þeim ekki óþarfa hræðslu og að þeir meiðist ekki. Hænur í lausagöngu skal færa í þar til gerða geymslu á vegum Seltjarnarnesbæjar og leyfishafa tilkynnt um vörlur hæna sé hann þekktur. Ef hæna er ekki vitjað innan viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skulu handsamaðar hænur aflifaðar.

5. gr.

Skil á handsömuðum fugli.

Hafi hæna verið handsömuð er óheimilt að afhenda hana fyrr en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi fyrir hænsnahaldi skal hann afla leyfis og greiða fyrir það áður en hæna fæst afhent.

Kostnaður við handsömun, geymslu, aflifun og fleira sem fallið hefur til vegna handsömunar skal að fullu greiddur af leyfishafa.

6. gr.
Ónæði.

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá henum frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Þrífa þarf kofa að lágmarki vikulega. Skít skal fjarlægja við daglega umhirðu og má hann ekki safnast upp. Hænsnaskít skal farga eða nýta á löglegan hátt. Þegar mokað er úr húsum skal koma hænsnaskít fyrir í lokuðum umbúðum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hænsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann niður þannig að hann liggi ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang.

Leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður.

7. gr.
Kofar fyrir hænur.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hænsnahaldaðs þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda af henum sem leyfi er veitt fyrir, sbr. einnig a. lið 4. mgr. 2. gr. samþykktar þessarar. Kofi fyrir sex hænur þarf að vera að lágmarki 3 m^2 að stærð. Í kringum hænsnakofa skal vera hænsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hænanna. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Til að fyrirbyggja að meindýr komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 sm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 sm djúp.

8. gr.
Afturköllun leyfis.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til hænsnahaldað samkvæmt samþykkt þessari ef hænsnahaldið veldur ónæði í umhverfinu, ofnæmi, ef leyfishafi hefur gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða ef brotið er gegn samþykkt þessari.

9. gr.
Sjúkdómar.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta, sem að mati sóttvarnarlæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hænsnahaldi tafarlaust og farga fuglum í samráði við heilbrigðisnefnd.

10. gr.
Eftirlit.

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis.

11. gr.
Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt VI. og VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.
Gjaldtaka.

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að standa straum af kostnaði vegna framfylgdar á samþykkt þessari. Í gjaldskrá eru upplýsingar um leyfis- og eftirlitsgjöld og þann kostnað sem leyfishafi skal bera og kann að hljótast af handsömun, fóðrun, hýsingu og aflifun hænsnanna.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðisnefndar greiðast samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Nr. 385

26. apríl 2016

13. gr.

Úrskurðarnefnd.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvvarðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

14. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. apríl 2016.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2016